

Starfshópur um endurskoðun kosningalaga
27. fundur fimmtudaginn 19. desember 2019 kl. 13.
Nefndasvið Alþingis.

FUNDARGERÐ

Mætt: Bryndís Hlöðversdóttir (BH), Þórir Haraldsson (ÞH), Magnús Karel Hannesson (MKH) og Indriði B. Ármannsson (IBÁ). Þorvaldur Heiðar Þorsteinsson (ÞHP) boðaði forföll. Einnig sat fundinn Þórhallur Vilhjálmsson (ÞV) og Laufey Helga Guðmundsdóttir (LHG) sem jafnframt ritaði fundargerð.

1. Fundargerð síðasta fundar.

Samþykkt.

2. Almennar athugasemdir frumvarps.

BH og MKH höfðu sent inn sínar athugasemdir fyrir fundinn. Farið í gegnum nokkrar lagfæringar á orðalagi.

3. Kostnaður við nettengingu og tölvuvæðingu kjörstaða.

Rætt um að í Noregi bera sveitarfélög ábyrgð á að tryggja öryggi tölvubúnaðar og nettenginga. Mögulegt væri að gera þjónustusamning við tölvufyrirtæki um leigu tölvubúnaðar.

Skýrt að skv. 21. gr. frv. ber Þjóðskrá Íslands ábyrgð á öryggi rafrænnar kjörskrár, þ.e. öryggi hugbúnaðarins og kerfisins. Ákveðið að bæta við reglugerðarheimild ráðherra í 34. gr. að þar verði nánar útfært hvaða kröfur skuli gera til vélbúnaðar sem nota skal við kosningar.

4. Ákvæði 21. gr. frv. um hlutverk Þjóðskrár Íslands.

Farið yfir nýtt ákvæði ásamt skýringum. Skýringar við kostnaðarákvæði um verkefni Þjóðskrár Íslands hafa verið færð í skýringar við 21. gr. frv.

5. Gjaldfrelsi upplýsinga úr þjóðskrá.

Ákvæði 3. mgr. 21. gr. frv. um að Þjóðskrá Íslands láti landskjörstjórn, sveitarfélögum og stjórnmalasamtökum kjörskrá og aðrar upplýsingar úr þjóðskrá í té án endurgjalds fellt brott að tillögu IBÁ. Komið fyrir á viðeigandi stað í frv.; sjá breytingar á 14., 16. og 30. gr. Einnig breytingar á 35. gr. til að skýrt verði kveðið á um að sveitarfélag beri ábyrgð á að prenta kjörskrána hafi undanþága verið samþykkt af landskjörstjórn.

6. Ákvæði 31. gr. frv. um aðgang stjórnmalasamtaka að kjörskrá.

Ákveðið að bæta inn málslið um tilgang vinnslu „og koma upplýsingum á framfæri við kjósendur í aðdraganda kosninga.“

7. Ákvæði 76. gr. frv. um skil á utankjörfundaratkvæði.

Rætt um 3. mgr. um að nægjanlegt sé að koma bréfi með utankjörfundaratkvæði í einhverja kjördeild þess kjördæmis þar sem kjósandinn er á kjörskrá í samhengi við forsetakjör og þjóðaratkvæðagreiðslur. Ákveðið að ekki væri þörf á að breyta 1. másl. 3. mgr. vegna þessa. Við sveitarstjórnarkosningar skal koma bréfi með utankjörfundaratkvæði í einhverja kjördeild sveitarfélags.

8. Ákvæði 139. gr. frv. um kostnað.

Skýringar hafa verið uppfærðar.

9. Listi yfir samráðsaðila.

Rætt um kynningu frumvarpsins og farið yfir lista yfir hagsmunaaðila sem munu fá tölvupóst með tengil á frétt um opið samráðs frumvarpsins þegar þar að kemur. Formaður fundar með forseta Alþingis 20. desember nk.

10. Önnur mál.

Ákveðið að breyta 98. gr. frv. þannig að skýrt sé að 100 kjósenda reglan svo talið verði á kjörstað eigi ekki við í sveitarstjórnarkosningum.

Fundi slitið kl. 14.30.